

138

18. gr.

25. júlí Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 54 2. júní 1930, um hátabryggjuna í Ólafsfirði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júlí 1939.

Ólafur Thors.

Vígfús Einarsson.

139

26. júlí **Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð frú Guðrúnar Lárusdóttur alþingismanns,“** útgefin á venjulegan hátt ad mandatium 26. júlí 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Guðrúnar Lárusdóttur alþingismanns.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Guðrúnar Lárusdóttur alþingismanns.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að flýta fyrir að stofnað verði og síðan styðja kristilegt uppeldisheimili fyrir ungar stúlkur 10 til 18 ára gamlar, er lent hafa á villigötum í siðferðilegu tilliti.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 manns. Eiginmaður og börn frú Guðrúnar Lárusdóttur og síðar aðrir afkomendur hennar velja tvo, en stjórnir Húsmæðrafélags Reykjavíkur, Kristilegs félags ungra kvenna og Kristniboðsfélags kvenna í Reykjavík, velja hver um sig eina konu í stjórnina. Leggist eitthvert þessara félaga niður, eða kæri sig ekki um að tilnefna neinn, þá velja hinir stjórnendur sjóðsins í auð sæti.

4. gr.

Stjórnin er valin til 6 ára í einu, og má endurkjósa hana. Í forföllum einstakra stjórnarmanna taka varamenn sæti þeirra. enda séu þeir tilnefndir af sömu aðiljum, og á sama veg sem aðalstjórnin.

5. gr.

Stjórn sjóðsins gerir sér far um að efla hann og ávaxta á öruggan hátt, og stuðla að því, að hafizt verði handa sem fyrst um stofnun slíks heimilis, sem hér ræðir um.

Í því skyni er henni heimilt að verja allt að 1000 kr. í einu úr sjóðnum, til að styðja konu til utanfarar til að kynna sér kristileg uppeldisheimili ungra stúlkna erlendis, ef stjórnin telur hana líklega til að geta veitt slíku heimili forstöðu á eftir. Þó skal sett trygging fyrir því, að sjóðnum verði endurgreiddur þessi styrkur, ef þessi kona verður ekki orðin forstöðukona slíks heimilis hérlendis, innan þriggja ára frá því hún fór utan.

6. gr.

Þegar stofnað verður það heimili, er hér ræðir um, hvort sem það er einkastofnun, eða stofnað af sjóðstjórninni sjálfri, eða af bæjarfélagi eða ríkinu, þá má sjóðstjórnin lána því allt fé sjóðsins, að 5000 kr. fráteknum, vaxtalaust í 6 til 10 ár, og síðan með almennum sparissjóðsvöxtum gegn 2. vöðrétti í húseign stofnunarinnar, eða með annari öruggri tryggingu.

139

26. júlí

7. gr.

Hvenær sem aðalsjóðstjórnin verður sammála um, að heimilið sýni enga alúð í því að leiðbeina ungu stúlkunum, sem þar eru, með kærleika og nærgætni til persónulegs trúarsamfélags við frelsarann, og vinsamlegar aðvaranir um þau efni við heimilisstjórnina bera engan árangur, þá má hún segja upp láninu, er veitt hefir verið, með 6 mánaða fyrirvara. Endurborgist þá lánið með 1000 kr. á ári. Skal svo því fé varið til styrktar öðru kristilegu uppeldisheimili ungra stúlkna, með sömu kjörum og skilyrðum og þegar eru nefnd í 5. og 6. gr.

Sama er að segja um meðferð sjóðsins, ef heimilið sjálf tó kys fremur að endurgreiða lánið en að greiða af því vexti, þegar vaxtalausi tíminn er liðinn.

8. gr.

Þær 5000 kr. af sjóðnum, sem ekki má lána stofnuninni, nema sérstaka nauðsyn beri til, og þá til skamms tíma gegn alveg öruggri tryggingu, svo og það fé, sem bætist við þær við vexti og gjafir, skal allt varðveitt í aðalþjóðbanka Íslands, eða á annan jafn öruggan hátt.

Hálfum ársvöxtum af því fé öllu má verja til styrktar þeim fátækum stúlkum, sem bezt meðmæli fá, er þær fara af heimilinu. Ræður sjóðstjórnin því, hvenær henni þykir ástæða til þess stuðnings, og hvernig honum skuli háttað í hverju einstöku tilfelli. En að öðru leyti leggjast allir vextir við sjóðinn þau árin, sem enginn sá stuðningur er veittur, er hér var nefndur.

9. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn tíu þúsund krónur, — auk þess fjár, sem heimilinu er lánað (sbr. 6. gr.), — þá er stjórn hans heimilt að verja helming hans annaðhvort til að stækka fyrrnefnt heimili, eða til að lána hann öðru kristilegu uppeldisheimili fyrir ungar stúlkur eða drengi, með sömu skilyrðum og áður segir. Þær 5000 kr., sem þá verða eftir, skulu sæta sömu meðferð og áður, og þannig áfram.

10. gr.

Þegar stjórnin veitir þau lán eða styrki úr sjóðnum, sem hér hafa verið talin, skal hún tryggja sér, að hún hafi fulla heimild til að kynna sér allan rekstur þess heimilis, er stuðnings nýtur, hvenær sem hún kann að óska, en jafnframt gerir hún sér far um, að styðja heimilið eftir föngum, í góðri samvinnu við stjórn þess.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar, lánveitingar og annað sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur, að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

12. gr.

Sjóðstjórnin felur tveimur þjónandi prestum í Reykjavík, að endurskoða reikninga sjóðsins árlega, og gæta þeir þá jafnframt þess, að farið sé með fé hans sam-

139 kvæmt skipulagsskránni. Stutt greinargerð frá þeim um hag sjóðsins, sé síðan birt 26. júlí í einu eða fleiri blöðum í Reykjavík.

13. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

14. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

140

29. júlí

AUGLÝSING

um breyting á fyrirmælum nr. 81 27. júlí 1933, um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl.

5. gr. fyrirmælanna orðist þannig:

Hver sá, er flytur nýtt, kælt eða frosið kjöt til sölu, í kaupstaði þá eða kaup-tún, sem um ræðir í 3. og 4. gr., og sem ekki hefir áður verið skoðað og merkt lögum samkvæmt, skal skyldur til að leggja það fram til skoðunar og merkingar á þeim stað, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd ákveður, áður en það er boðið til sölu eða neyzlu. Skal hann greiða gjald fyrir skoðun, merkingu og húsnæði til skoðunar-innar, sem eigi fari fram úr því, er hér segir, fyrir hvern skrokk:

Af nautgripum og hrossum með	50 kg kjötpunga og þar yfir	kr. 2.00
— — — — —	30—50 —	— 1.00
— — — — —	minni kjötpunga	— 0.50
— svinum með	50 kg kjötpunga og þar yfir	— 2.00
— — — — —	minni kjötpunga	— 1.00
— sauðfé og geitum	— 0.08

Gjald þetta skiptist að hálfu milli læknis þess, er skoðunina annast og þess, er húsnæði leggur til, nema að því er tekur til sauðfjár og geita, þar skal greiða lækninum kr. 0.05 og þeim er leggur til húsnæði kr. 0.03.

Þar sem kjötskoðun fer fram í sláturhúsi, sem fullnægir ákvæðum ofangreindrar reglugerðar og atvinnurekandi leggur til sjálfur, skal gjald til læknis þess, er skoðun og merkingu annast, vera sama og hann fær fyrir skoðun á öðru kjöti, sem sé ekki hærra en 1 kr. fyrir hvern skrokk af nautgripum, hrossum og svinum, en 5 aurar fyrir hvern kindarskrokk eða geitarskrokk.

Fyrirmæli þessi staðfestast hér með, samkvæmt lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 29. júlí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.